

37. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund mánudaginn 29. apríl 2002 kl. 18:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru, Gretar D. Pálsson, formaður, Sigurþór Guðmundsson, Páll Hjaltalín, Guðbrandur Björgvinsson, auk Þorbergs Bæringssonar slökkvistjóra og Sveins Björnssonar byggingafulltrúa.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Hjallatangi 6, nýbygging.

Pálmi Ólafsson lagði fram teikningar Sigurðar Kjartanssonar arkitekts af Hjallatanga 6. Samþykkt.

2. Guðmundur Andrésón sækir um leyfi til að byggja sólpall og girðingu.

Samþykkt. Staðsetning skal vera í samráði við byggingarfulltrúa, leyfisgjald 2.500 kr.

3. Nesvegur 1a, útlitsbreyting.

Björgunarsveitin Berserkir sækja um leyfi til að setja niður 10 m. staur fyrir aftan húsið í stað masturs ofan á húsið, samþykkt.

4. Vallaföt 6, breytingar.

Reynir Halldórsson kt. 120863-3559 og Anna Sigr. Guðmundsdóttir kt. 121159-2449 sækja um leyfi til að breyta útliti sjá teikningu dags 25. apríl 2002, Samþykkt.

5. Tilkynning frá Norska húsinu um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru lagfæring á þaki og endurnýjun útveggjaglæðningar. Byggingarnefnd fagnar framkvæmdunum.

6. Önnur mál.

1. Reitarvegur 3, útlitsbreyting.

Ásmegin sækir um að setja upp 2 ekju hurðir og 2 gönguhurðir samkv. Meðfylgjandi teikningu Ásgeirs G. Jónssonar. Samþykkt leyfisgjald 2.500 kr.

2. Skólastígur 18, breytingar.

Ægir Jóhannsson sækir um leyfi til að breyta sökklum og festingum undir bílskúr þeim er stendur við Skólastíg 18. Samþykkt leyfisgjald 2.500 kr.

3. Drög að deiliskipulagi.

Lögð voru fram drög að deiliskipulagi fyrir tjaldstæði til kynninga frá teiknistofunni Eik.

4. Almenningsalerni við vigtarskúr.

Lögð voru fram drög byggingarfulltrúa um almenningsalerni við vigtarskúr. Rætt var um tillöguna og hluti nefndarmanna fór í vettvangskönnun. Gerðar voru tillögur eftir vettvangskönnun og byggingarfulltrúa falið að halda áfram með hugmyndina.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00.

Sveinn Björnsson (sign.),

Sigurþór Guðmundsson (sign.),

Páll Hjaltalín (sign.),

Guðbrandur Björgvinsson (sign.),

Þorbergur Bæringsson (sign.),

Gretar D. Pálsson (sign.).